

Þessi samningur er gerður milli Skarðshlíðarskóla og foreldra/ forráðamanna um lán á iPad-spjaldtölvu sem skólinn færir barni þeirra til umráða.

1. gr.

iPad spjaldtölván (hér áfram nefnt „spjaldið“), HF númer _____ (útfyllt í skóla), hulstur, hleðslutæki og snúra sem henni fylgja er eign Hafnarfjarðarbæjar. Eftir að foreldrar/forráðamenn hafa undirritað samning þennan er spjaldið afhent nemanda til afnota. Nemandi gætir þess að fara vel með spjaldið, sýna ábyrgð í notkun og skila því ásamt áðurnefndum fylgihlutum í góðu ástandi við lok samningstímans. Skólinn er með fræðslu fyrir nemendur um þá ábyrgð og skyldur sem fylgja notkun á spjaldi í samræmi við þennan samning og kynnir það líka fyrir foreldrum. Samningur þessi rennur út þegar nemandi er ekki lengur skráður í skólann eða annan grunnskóla hjá bænum.

2. gr.

Spjaldið er námstæki og ber fyrst og fremst að nota það sem slíkt. Skólinn setur nemendum ákveðnar reglur um umgengni og notkun í skólastarfinu. Kennari ákveður hvenær spjaldið er notað við kennslu og skal nemandi alltaf hlíta ákvörðunum starfsmanna skóla um notkun spjalds innan veggja skólans. Nemandi ber ábyrgð á að koma með spjaldið hlaðið og tilbúið til vinnu á hverjum skóladegi fari hann með það heim. Að vori innheimtir skólinn spjald og geymir yfir sumartímann.

3. gr.

Spjaldið má undir engum kringumstæðum nota á ólöglegan hátt. Ekki má hlaða niður smáforritum sem eru stolin, breyta uppsetningu eða stýrikerfi spjaldsins. Notkun tækisins er háð almennum skólareglum skólans, þ.m.t. tölvureglum, varðandi ábyrgð og skyldur nemenda í skólastarfinu og umgengni í stafrænum heimi. Komi í ljós að nemandi eigi í erfiðleikum með að gæta spjaldsins getur foreldri/forráðamaður eða skólinn farið fram á að það sé geymt í skólanum.

4. gr.

Hvorki skólinn né Hafnarfjarðarbær bera fjárhagslega ábyrgð vegna hugsanlegs tjóns sem gæti hlotist af notkun á búnaðinum utan skólastarfs. Fari svo að spjaldið glatist eða verði fyrir skemmdum þarf að tilkynna það strax til skólans. Þjófnað skal tilkynna fyrst til lögreglu og síðan skólans. Gera skal tjónaskýrslu sem verður þáttur í matsferli. Nemendur og foreldrar/forráðamenn bera ekki fjárhagslega ábyrgð þótt spjaldið glatist eða skemmist, eða verði með öðrum hætti ónothæft til kennslu, nema um vísitandi skemmdarverk, verulega vanrækslu eða þjófnað af hálfu nemandans sé að ræða. Í því tilviki ber foreldrum/forráðamönnum að bæta skólanum spjaldið fyrir hönd nemandans. Að auki ber nemandi ábyrgð á hleðslutæki sé hann með það heima. Glatist hleðslutæki eða snúra í umsjá nemandans ber honum að útvega nýtt á eigin kostnað. Ef hleðslutæki eða snúra bilar sér skólinn um að útvega nýtt.

5. gr.

Hafnarfjarðarbær setur spjaldið upp með stillingum sem leyfa umsýslu og utanumhald sem nauðsynleg eru til að hægt sé að þjónusta nemandann. Spjaldið er skráð í umsýslukerfi Hafnarfjarðarbæjar sem gerir kleift að senda námsefni og hugbúnað í spjaldið, sem og að rekja staðsetningu þess ef það týnist eða því stolið. Aðeins er heimilt að nota staðsetningarbúnaðinn í þeim tilgangi. Einungis Tölvudeild Hafnarfjarðar og UT kennsluráðgjafar grunnskólanna geta sótt þessar upplýsingar.

6. gr.

Hafnarfjarðarbær nýtir sérstök umsjónarkerfi (t.d. Apple School Manager, MDM spjaldaumsýslukerfi) til að halda utan um spjöld og Apple aðgang nemenda. Grunnskóli úthlutar nemanda stýrðum Apple aðgangi með geymsluplássi í iCloud. Einnig fær nemandi úthlutuðum aðgangi að G-suite for Education léni bæjarins með sérstöku netfangi fyrir hann (notandanafn@hfjskoli.is). Honum fylgir geymslupláss í Google Drive. Þessum aðgerðum fylgir gagnasöfnun hjá Apple og Google en bærinn gerir vinnslusamninga við viðkomandi fyrirtæki til að tryggja persónuvernd og öryggi allra gagna. Aðgangur að upplýsingum sem tengjast spjöldum og spjaldanotkun nemanda fylgja ákveðnum aðgangsstýringum á vegum skóla og Hafnarfjarðar til að tryggja sem mest öryggi og virða friðhelgi nemenda.

7. gr.

Við undirritun þessa samnings veitir foreldri/forráðamaður skóla leyfi til að setja upp á spjaldið og nýta smáforrit og vefþjónustur/skýjalausnir sem skólinn telur heppileg hverju sinni, m.a. með sjálfvirkum uppfærslum. Í öllum tilvikum tryggir Hafnarfjarðarbær að vinnsla og öryggi sem tengjast notkun spjalda viðhafi nægilega persónuvernd og öryggi af hálfu vinnsluáðila. Nemandi ber samt alltaf ábyrgð á eigin spjaldanotkun. Sömuleiðis mun skólinn reglulega vera með fræðslu til nemenda um notkun skýjalausna og kynnir þar gott verklag með ýmsum verklagsreglum sem stöðugt eru uppfærðar til að tryggja sem mest öryggi gagna og persónuvernd. Fylgt er stefnumótun bæjarins í notkun skýjalausna.

8. gr.

Í tengslum við lán og notkun á spjaldi er óhjákvæmilegt að skrá tilteknar upplýsingar um nemanda til að hægt sé að stofna notandaáðgang, t.d. nafn, notandanafn, skóla. Allar slíkar persónulegar upplýsingar eru gerðar í kennslufræðilegum tilgangi og til utanumhalds um spjaldið. Söfnun persónuupplýsinga er í lágmarki og er ekki eign viðkomandi fyrirtækja sem vinnsluáðila heldur bæjarins og nemenda eftir atvikum.

Við notkun spjaldsins og forrita þess, safnast saman upplýsingar um notkunina, og eftir atvikum þau gögn sem nemandi vistar sjálfur með notkun þess, t.d. í skýjaþjónustu. Gögn eru geymd innan Evrópu í samræmi við persónuverndarlög. Nemandi á rétt á því að flytja eigin gögn á meðan á skólagöngu hans stendur. Þremur mánuðum eftir að hann hættir í grunnskólum Hafnarfjarðar verður reikningi hans lokað og gögnum eytt.

Nemandi á rétt á því að óska eftir upplýsingum frá skólanum um söfnun persónuupplýsinga sem tengjast umsýslukerfum Hafnarfjarðar. Hann hefur rétt á að fara fram á að láta leiðrétta rangar upplýsingar og jafnvel eyða eða takmarka vinnslu þeirra hvað hann varðar eða andmæla vinnslu persónuupplýsinganna.

9. gr.

Hvorki skóli né Hafnarfjarðarbær getur talist ábyrgur fyrir tjóni vegna notkunar tölvunetsins eða sambandsleysi á tölvuneti Hafnarfjarðarbæjar sem tengist notkun nemanda á spjaldi í skóla.

10. gr.

Óheimilt er að taka myndir/myndskeið af öðrum innan skólans eða í skólasterfinu eða að setja það á internetið, þar með talda samfélagsmiðla, án samþykkis viðkomandi. Þetta gildir hvort sem er um myndir sem teknar eru á spjaldið sjálft eða á önnur tæki í eigu skóla.

11. gr.

Nemandi getur leitað til skóla eftir ráðgjöf og fræðslu varðandi námslega tengda notkun spjaldsins sem er veitt eftir því sem mögulegt er og eðlilegt getur talist. En að öðru leyti ber nemandi sjálfur ábyrgð á því að geta nýtt sér spjaldið við nám í samræmi við áherslur kennara hverju sinni.

12. gr.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt hvenær sem er til að innkalla spjald tímabundið vegna viðgerða eða þjónustu til að hreinsa af því óæskileg gögn, takmarka aðgang eða rekja mögulega misnotkun. Glatist spjald, týnist eða það skemmist svo þörf er á nýju spjaldi fær nemandi spjald eins fljótt og auðið er.

13. gr.

Neðangreindar upplýsingar, um spjald og notanda, skulu varðveittar af skóla og einungis notaðar í þegar brýn nauðsyn ber til og þá með samþykki undirritaðs nemenda.

| Nemandi | |
|-------------------|--|
| Kennitala nemanda | |
| HF númer spjalds | |

Ef notandi hefur athugasemdir við framkvæmd á grunni þessa samnings getur hann beint þeim til Persónuverndar. Sömu leiðis er hægt að beina fyrirspurnum varðandi vinnslu persónuupplýsinga til persónuverndarfulltrúa Hafnarfjarðar (persónuvernd@hafnarfjordur.is)

Þetta samþykki,

Hafnarfirði ____ . ____ 20 ____

Undirskrift foreldris/forráðamanns 1

Undirskrift foreldris/forráðamanns 2 (ef við á)

Undirskrift nemanda

Undirskrift skóla